

# STARFSÁÆTLUN Í STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISMÁLUM 2016

## INNGANGUR

Stjórnkerfis og lýðræðisráð ásamt erindreka gagnsæis og samráðs ber, samkvæmt samþykktum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, að vinna starfsáætlun í stjórnkerfis og lýðræðismálum borgarinnar. Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og á áætlunin að endurspegla árherslur ráðsins. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast sem tæki til að fylgjast með framvindu verkefna.

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 2. september 2014. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmögum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð eða borgarstjóri kunna að fela því. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar

## FULLTRÚAR Í STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐI

### AÐALMENN

Halldór Auðar Svansson  
Eva Einarsdóttir  
Hilmar Sigurðsson  
Eva Baldursdóttir  
Hildur Sverrisdóttir  
Björn Gíslason  
Jón Ingi Gíslason


### VARAFULLTRÚAR

Þórlaug Ágústsóttir  
Kári Sævarsson  
Stefán Rafn Sigurbjörnsson  
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir  
Kjartan Magnússon  
Áslaug María Friðriksdóttir  
Jónas Þór Jónasson

## HELSTU VERKEFNI

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer með það verkefni að yfirfara stjórnkerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Ráðið fer einnig með það verkefni að efla lýðræði í stjórnkerfinu, gera samráð vandaðra og auka þátttöku borgarbúa. Þá fer stjórnkerfis- og lýðræðisráð með það verkefni að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði stjórnkerfisbreytinga.
- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um breytingar á stjórnkerfinu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu íbúalýðræðis og aukið samráð og þátttöku borgarbúa.
- Gerir tillögur til borgarráðs um aukið gagnsæi stjórnsýslunnar.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu hverfaráða og hverfaþjónustu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um átök í rafrænni þjónustu við borgarbúa.



## ERINDREKI GAGNSÆIS OG SAMRÁÐS

Erindreki gagnsæis og samráðs á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vinnur með stjórnkerfis- og lýðræðisráði að verkefnum þess. Hann ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýlu sviðsins.

## MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2016

Helstu markmið og aðgerðir í stjórnkerfis, lýðræðis- og gagnsæismálum má sjá hér í töflunni.  
Markmið og aðgerðir til að ná þeim eru flokkuð í þrjá flokka.

### FLOKKAR VERKEFNA

- S: Stjórnkerfi
- L: Lýðræði og samráð
- G: Gagnsæi

Flokkur	Markmið	Aðgerð
<b>G</b>	Auka framboð af opnum gögnum Reykjavíkurborgar.	Tryggja opna gátt og kynna verklag við miðlun. Kynning og hvatning á öllum sviðum Reykjavíkurborgar. Á bæði við um allar upplýsingar, fjárhagsupplýsingar sem og aðrar.
<b>G</b>	Rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar.	Fylgja eftir framkvæmd á verkefninu um rafræna gagnagátt fyrir fjárhagsupplýsingar Reykjavíkurborgar.
<b>L</b>	Auka samráð við ákvarðanatöku	Opið umsagnarferli. Til verði opin samráðsgátt á vef þar sem leggja má fram reglur, stefnur, samþykktir eða hvaðeina til umsagnar almennings og hagsmunaaðila.
<b>G</b>	Auðvelda aðgang að fundargögnum	Verklagsreglur um meðferð fundargagna, s.s. hvenær fundargögn séu trúnaðarmál og hvenær ekki. Birting fundargagna með fundargerðum á vef Reykjavíkurborgar.
<b>L</b>	Auka samráð við ákvarðanatöku	Opin hugmyndasöfnun. Til verði opin gátt til þess að kalla eftir hugmyndum frá almenningi og hagsmunaaðilum.
<b>S</b>	Skýrt hlutverk hverfisráða	Tillögur um hlutverk og skipan hverfisráða.
<b>L</b>	Auka samráð við íbúa	Framkvæmd Betri hverfa í endurskoðaðri mynd
<b>L</b>	Auka samráð við íbúa	Framkvæmd Betri Reykjavíkur í endurskoðaðri mynd
<b>L</b>	Aukið samráð við íbúa	Stjórnkerfis- og lýðræðisráð haldi a.m.k. tvo opna fundi árlega.
<b>L</b>	Aukið samráð við íbúa	Kynna fyrir sviðum hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi samráð. Útbúin verði n.k. „Samráðs-verkfærakista“ sem nýta má í ákvarðanatöku.
<b>L</b>	Aukið samráð við íbúa	Útgáfa lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

2.11.2015